

- 135** Bréf stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Hafnarfirði um að Hafnarfjarðarkaupstaður skuli vera sérstakt sáttaumdæmi.  
7. des.

Eftir móttöku bréfs yðar, herra sýslumaður, dags. 28. f. m., og samkvæmt tillögum yðar, hefir stjórnarráðið ákveðið, að Hafnarfjarðarkaupstaður skuli vera sérstakt sáttaumdæmi frá 1. jan. 1911 að telja.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til frekari ráðstöfunar, og fylgir hérmeð sáttabók handa hinni nýju sáttanefnd, er yður ber að löggilda.

- 136** Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um toll af »Maltextrakt«.  
8. des.

Í bréfi, dags. 26. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, spurst fyrir um, hvort »Maltextrakt« eða »Maltextraktöl«, sem fluzt hafi til tveggja kaupmanna í sýslu yðar á þessu ári, geti heimfærst undir »öl allskonar« í tollögunum, eða sé tollfrjálst.

Stjórnarráðinu hafa borist úr ýmsum áttum líkar fyrirspurnir um, hvort eða hvernig tolla skuli »Maltextrakt«, er flyzt til landsins undir ýmsum nöfnum, svo sem »Reform-Maltextrakt«, »Central-Maltextrakt«, »Maltextraktöl« o. s. frv.

Útaf þessu hefir stjórnarráðið komist að þeirri niðurstöðu, að sé »Maltextraktin« svo þunn, að hún verði drukkin án þess að leysast upp t. d. í mjólk eða kaffi, þá eigi að greiða toll af henni eins og af allskonar öli, en sé hún svo þykk, að hún verði ekki drukkin óblönduð, þá eigi engan toll að greiða af henni.

- 137** Bréf stjórnarráðsins til biskups um skilning á lögum nr. 9, 12. maí 1882, um leysing á sóknarbandi.  
16. des.

Með bréfi, dags. 22. f. m., hafið þér, háæruverðugi herra, skýrt frá því, að prófasturinn í Árnesprófastsdæmi hafi að gefnu tilefni beiðst úrskurðar um það, hvort forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðarins í Gaulverjarbæjarsókn geti lögum samkvæmt gerst kjörprestur manns úr þjóðkirkjunni, er hann kysi til þess, og ætti heima í Villingaholtssókn, og hvort slík kjörprests kosning ætti að skoðast bindandi fyrir fleiri en sjálfan manninn persónulega, þar sem ekki er annars getið en hans, t. d. fyrir konu hans og börn.

Hafið þér látið það álit yðar í ljósi, að sóknarprestur í lögum nr. 9, 12. maí 1882, um leysing á sóknarbandi, geti ekki átt við frikirkjuprest Runólf Runólfsson, að nefnd lög séu að yðar skoðun öll í heild sinni miðuð einungis við vébönd þjóðkirkjunnar og nái ekki út fyrir þau, þannig að þjóðkirkjumeðlimur geti tekið sér fyrir kjörprest prest eða forstöðumann utanþjóðkirkjusafnaðar, og haldið eftir sem áður áfram að vera í þjóðkirkjunni, og að leysing sóknarbands sé alveg persónulegt mál hvers einstaks manns.